

Alþingi
Erindi nr. P 138/2970
komudagur 10.8.2010



Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. ágúst 2010

Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, með síðari breyting, þskj. 1258 – 658. mál

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu segir að þeir starfsmenn sem séu við störf í ráðuneytunum verði boðin áframhaldandi störf og fagnar bandalagið því.

BSRB leggur mikla áherslu á að jafnræðis og gagnsæis verði gætt í hvers kyns ákvörðunartökum vegna fyrirhugaðra breytinga. Ef fyrirhugað er að breyta störfum starfsfólks á grundvelli 19. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, verða þær breytingar að vera vel kynntar svo starfsmenn geti tekið vel ígrundaða ákvörðun um hvort þeir kjósi að hlíta þeim.

Líkt og fram hefur komið á fyrri stigum þessa máls leggur bandalagið áherslu á að fyrirhugaðar breytingar eigi sér stað á samræmdan hátt í öllum ráðuneytum og leggur til að einhverjum verði falið það verkefni að hafa heildaryfirsýn yfir breytingarnar og að skýrt liggi fyrir hver beri ábyrgð á þeim. Með slíkri heildstæðri nálgun verði jafnræðis gætt.

Fyrir hönd BSRB,

Handwritten signature of Helga Jónsdóttir in black ink, written in a cursive style.

Helga Jónsdóttir

framkvæmdastjóri